# Skýrsla frá Reykjavík um upplýsingatækni í leikskólum

Kristín Hildur Ólafsdóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs

HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Verkefni starfshóps

Í erindinu verður fjallað um verkefni starfshóps á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur er snúast um notkun upplýsingatækni í leikskólastarfi

Markmið með starfi hópsins er að greina stöðu og koma með tillögur að markmiðum og leiðum sem geta stutt þróun, uppbyggingu og notkun upplýsingatækni í leikskólum

# Erindisbréf

| |
|---|
| **Heiti starfshóps:**<br>Starfshópur um notkun upplýsingatækni í leikskólum |
| **Ábyrgðarmaður:**<br>Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu |
| **Markmið:**<br>Að greina möguleika, þróun og nýtingu upplýsingatækni í leikskólastarfi. |
| **Helstu verkefni:**<br>Viðfangsefni hópsins geta tengst eftirfarandi þáttum:<br>• Innlendar og erlendar stefnur, rannsóknir og fyrirmyndarverkefni.<br>• Staða, tækifæri, hindranir og þarfar aðgerðir varðandi búnað og þjónustu.<br>• Ábyrg notkun, jöfnuður, siðferði og öryggismál.<br>• Starfshættir sem styðja við skapandi vinnu, margbreytilegar námsþarfir og samfellu skólastiga.<br>• Notkun snjalltækja til skráninga og upplýsingamiðlunar.<br>• Fagþekking starfsfólks og símenntunarmöguleikar.<br>• Safn hagnýtra hugmynda og greinargerð sem nýtist við stefnumótun SFS í upplýsingatækni. |
| **Fulltrúar í starfshópi:**<br>• Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi á skóla- og frístundasviði<br>• Gyða Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri leikskólanum Holti<br>• Lena Sólborg Valgarðsdóttir, deildarstjóri leikskólanum Miðborg<br>• Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði |
| **Formaður starfshóps:**<br>Kristín Hildur Ólafsdóttir |

# Frá fundum starfshópsins með ýmsum sérfræðingum

















# Aðalnámskrá leikskóla

- **Sjálfsögð verkfæri í skólastarfi**
- **Samþætt og skapandi leikskólastarf**
  - **Læsi og samskipti:** Að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar og setja fram hugmyndir sínar
  - **Sjálfbærni og vísindi:** Að skapa tækifæri í leikskóla til að vinna með og velta vöngum yfir, upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga
  - **Sköpun og menning:** Að börn í leikskóla eigi að fá að nýta fjölbreytta tækni í tenglum við námssviðið
- **Öðlast skilning á þeim áhrifum sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan**










- **Lesið í leik, læsisstefnu leikskóla**

  Í áætlunum leikskóla um læsi komi fram hvernig:
  - Aðgengi að fjölbreyttum málörvandi efniviði, skriffærum, bókum og tæknimiðlum sem stuðla að verkkunnáttu, mál og læsi, er háttað
  - Verkkunnátta og tæknimiðlar eru nýttir til að efla mál og læsi

- **Stefna og starfsáætlun SFS**

  - Að upplýsingatækni sé nýtt til að efla hæfni barna og ungmenna til að vinna úr upplýsingum og takast á við fjölbreytt og skapandi viðfangsefni.




## Efni um UT í leikskólum

2016: Spjaldtölvunotkun í leikskólum Akureyrarbæjar „Þetta er það sem koma skal"
2014: Tillögur að stefnu um nýtingu upplýsingatækni í uppeldis og menntastarfi leikskóla Hafnarfjarðar
2013: Spjaldtölvur í sérkennslu í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar
2013: Stefna Kópavogsbæjar í upplýsingatækni í leikskólum

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur vinnur að safni hagnýtra hugmynda og greinargerð fyrir stefnumótun í upplýsingatækni í leikskólastarfi**

# Kannanir

Sendar til leikskólastjóra og deildarstjóra í leikskólum Reykjavíkur árin 2015 og 2016

- Könnun á tækjaeign, nettengingum, miðlægri þjónustu, stuðningi innan leikskólans við notkun upplýsingatækni og notkun samfélagsmiðla send til leikskólastjóra í upphafi árs 2015

- Könnun á notkun upplýsingatækni í skapandi starfi í leikskólum Reykjavíkur send til deildarstjóra haustið 2015

- Spurning um notkun snjalltækja (m.a. afþreyingu) send til leikskólastjóra í spurningavagni í febrúar 2016

Auður Ævarsdóttir, Ásgeir Björgvinsson, Hallgerður Inga Gestsdóttir og Hildur Björk Svavarsdóttir hjá tölfræði- og rannsóknardeild SFS komu að vinnslu kannananna

# Hvað af eftirtöldu kæmi sér vel eða ekki í starfi leikskólans í upplýsingatækni?



# Er leikskólinn með aðgang að eftirfarandi samfélagsmiðlum og notar í þágu leikskólans?



# Tækjaeign, nettengingar, miðlæg þjónusta, stuðningur innan leikskólans o.fl.

- Tölvur langalgengasta tækið, þó nokkuð um spjöld (þó mismunandi á milli leikskóla)

- Óskir um betri tengingar inn í leikskóla og betri þráðlaus net
- Mikil ánægja með símaþjónustu UTD, vettvangsþjónusta er í lagi en minni ánægjan með innkauparáðgjöf
- Óskir um leiðbeiningar tendar Joomla, heimasíðukerfi

- Fram kemur að um 60% leikskólanna eru með starfsmann sem getur tekið að sér upplýsingatæknimál skólans sem hluta af sínu starfi – en 40% ekki

- Ánægja með aðkeypta ráðgjöf í spjaldtölvuverkefni í þróunarverkefni

# Notkun upplýsingatækni í skapandi starfi



## Hversu marga tíma á viku vinna börnin á skapandi hátt með upplýsingatækni á deildinni?

| | Fjöldi | Hlutfall (%) sem svara |
|---|---|---|
| Aldrei | 30 | 50,0 |
| 0 - 30 mínútur | 19 | 31,7 |
| 30 mínútur - 3 klst eða meira | 11 | 18,4 |
| Alls | 60 | 100,0 |

- 50% deildarstjóra hafa aldrei unnið með börnum á skapandi hátt með upplýsingatækni á deildinni
- Um 32% hafa unnið með börnum í 30 mínútur á viku á skapandi hátt með upplýsingatækni á deildinni
- Rúmlega 18% hafa unnið á skapandi hátt frá 30 mínútum til 3 klukkustundir eða meira með börnum
- Þrír svara ekki spurningu

# Hvers vegna nota börnin ekki upplýsingatækni í skapandi starfi?




**Opin svör:** Nóg annað að gera, áhersla lögð á aðra hluti til að efla þroska barnanna, að tölvunotkun ungra barna væri umdeild og að þeim skorti færni og þekkingu til að vinna skapandi í upplýsingatækni með börnunum.

Deildarstjórar haustið 2015, aðeins 54% svörun

# Í hvernig verkefnum notið þið upplýsingatækni með börnunum?






# Hversu ánægð/ur ertu með upplýsingatækni í skapandi starfi á þinni deild?



# Hvað gæti eflt upplýsingatækni í skapandi starfi í þínum leikskóla?



# Notkun…

Við höfum bara átt einn Ipad og hann hefur verið notaður einstaka sinnum við sérkennslu barna. Eins erum við í verkefnavinnu tengt Biophiliu og við fáum kistu tvisvar sinnum í vetur í tvo mánuði í senn og þá höfum við mikin aðgang að Ipad og elstu börnin nota hann mikið og eru að vinna í tónlist. Í febrúar 2016 vorum við að fá 3 nýja Ipada og þeir eru hugsaðir sem verkfæri kennara til skráningar og til að taka myndir

- Ipadar eru lítið notaðir en hefur verið umbun fyrir einstakt barn og í sérkennslu. Ipadar eru einnig notaðir takmarkað sem kennslugagn inni í eldri barna hópum. Ipadar hafa verið notaðir til að skrá börn út að degi loknum, sérstaklega á útisvæði.
- Börn sem þurfa sérstuðning fá einstöku sinnum í lok vinnustundar með stuðningsaðila að fara í nokkrar mínútur í iPad. Flestir leikirnir sem eru í okkar iPödum eru þó ekki það sem flokkast undir beina afþreyingu heldur hafa ákveðin námsmarkmið eins og stærðfræði, læsi, sköpun
- Börnin eru ekki ein án kennara með Ipad

- […] sem hvert annað námsgagn í leikskólanum, notaður í hópastarfi, flæðistundum og vettvangsferðum.
- […] við ýmiskonar verkefni, upptökur, taka myndir, ná í fræðsluefni á netinu sem tengist fagvinnu.
  Vinna að hugmyndum barnanna, málörvun í sérkennslu.
- […] Við nýtum einnig Ipadin í að nálgast svör við spurningum barnanna og náum þannig að tengja það við raunveruleikann.
- […] við notum þá sem fínhreyfi og skynjunarþjálfunartæki að ýmsum toga, auk þess sem við leitum uppi öpp sem styrkja tiltekin markmið sem verið er að vinna með og þá eru þeir hluti af hringekjum
- […] í tengslum við ýmis verkefni s.s. byrjendalæsi
- Starfsfólk nýtir mikið ipad í sinni vinnu t.d. í útikennslu og fleiri verkefnum."

# Tillögur hópsins

Tillögur hópsins munu tengjast:

i) Miðlun góðra fyrirmynda og ábyrgri notkun upplýsingatækni í leikskólum
ii) Búnaði, þráðlausu neti og þjónustu
iii) Símenntun og starfsþróun starfsmanna

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Vetur 2016 - 2017

# Fræðsla í boði
# leikskólahluta fagskrifstofu SFS

**Fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs býður leikskólum SFS upp á stutt námskeið sem m.a. byggja á umbótaþáttum starfsáætlunar skóla- og frístundasviðs. Námskeiðin fara fram á viðkomandi starfsstað. Til dæmis er hægt að nýta starfsdaga eða starfsmannafundi fyrir slíka fræðslu. Best er að hafa samband beint við viðkomandi leiðbeinanda og finna út tíma sem hentar. Þá er einnig velkomið að hafa samband við fagskrifstofuna ef starfsstaðurinn hefur aðrar óskir eða vill sameina einhver námskeið og við reynum eftir bestu getu að koma til móts við þær þarfir.**

## Snjallur leikskóli

Kynning á möguleikum snjalltækja til skráninga og upplýsingamiðlunar.
Umfjöllun um ábyrga og örugga notkun samfélagsmiðla.
Dæmi um notkun spjaldtölva í tengslum við margvíslegt læsi og skapandi vinnu.
**Leiðbeinandi:** Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu SFS.
**Tímalengd:** 1 – 2 klst.

## Könnun og rannsókn í leikskólastarfi

Könnunaraðferð með námsvið aðalnámskrár í huga. Samþætt og skapandi nám.
Áhersla á ferli og þemavinnu sem byggir á hugmyndum barnanna. Rætt hvernig nota má skráningar til að þróa hugmyndir og fylgja hugmyndum barnanna eftir.
**Leiðbeinandi:** Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi, SFS.
**Tímalengd:** 1 -3 klst.

## Skapandi starf – skapandi leiðir

Sköpun í sínum víðasta skilningi.
Viðhorf og aðferðir til að styrkja hið skapandi barn með áherslu á skapandi ferli.
Hvernig virkum við skapandi hugsun og stuðlum að einstaklingsþroska á skapandi sviðum. Áherslur aðalnámskrár skoðaðar og ræddar í tengslum við sköpun.
**Leiðbeinandi:** Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólaráðgjafi, SFS.
**Tímalengd:** 1 - 3 klst.

## Skráningar sem mat á leikskólastarfi

Fjallað verður um hvernig nýta má skráningar markvisst til að meta námsframfarir barna.
Tilgangur skráninga er kynntur, hugsanlegar leiðir og þau verkfæri sem hægt er að nota.
Dæmi um skráningar verða sýnd.
Hvernig getum við sett okkur stefnu um skráningar sem hluta af

## Könnunarleikur

Könnunarleikur er leikur fyrir yngstu börnin. Leikurinn hefur verið útskýrður sem afbrigði náms sem stuðlar að því að barnið finni út hlutina á sinn eigin hátt.
Könnunarleikur með hluti gengur út á það að börn á aldrinum 1-3ja ára koma saman í litlum hópum undir umsjón fullorðins og fá viðfangsefni sem þau leika með og kanna án þess að hinn fullorðni skipti sér af.
Námskeiðið er fyrir þá sem ekki hafa kynnst þessari námsleið og/eða góð upprifjun fyrir þá sem eru að vinna með yngstu börnin.
**Leiðbeinandi:** Sigrún Einarsdóttir leikskólaráðgjafi, SFS.
**Tímalengd:** 2 klst.



## Heimurinn er hér – fjölmenningarlegt







# Frá sameiginlegum starfsdegi leikskóla

# Frá fræðslu



Tugir þúsunda af öppum eru óttalegt rusl!
En það eru nokkur sem eru algjör snilld!
Snjalltækið hentar vel
Uppeldisfræðileg skráning
Náms- og ferilmöppur
Einstaklingsnámskrá
Námssögur
Spjall og samtöl
Ljósmyndir
Skoðunarferðir
Teikningar og myndverk
Þátttaka barna í skráningu á námi sínu
Möppuskipulag
1. Hópur
Helstu upplýsingar
Myndir frá vikunni
Texti fyrir tölvupóst
2. Hvert barn
Skráningar
Einstaklingsáætlun
Foreldraviðtalsblað
O.fl.
3. Barn með samskiptabók
4. Aðalnámskrá o.fl.
5. Starfsdagar
6. Deildarfundir
7. Þema-, þróunar og samstarfsverkefni
Mundu!
Þú ert núna að fara á mikilvægasta fund dagsins
Dæmi um notkun leikskóla á snjalltækjum
BLÓMSTRUM SAMAN!
Spjaldtölvuverkefni í Hafnarfirði
http://hafnarfjordur.appland.is
Ingibjörg E. Jónsdóttir
Rakel G. Magnúsdóttir
Margvíslegt efni og fjölmargar góðar fyrirmyndir
FRÓÐLEIKUR
TIL UMHUGSUNAR
SMÁFORRIT
UM VERKEFNIÐ
Tæknin í bakpokanum
Myndir frá Leikskólanum Holti
http://goo.gl/4eBGmx
NETORÐIN 5
GÆTTU AÐ HVAÐ ÞÚ GERIR Á NETINU! ÞAÐ SJÁ ÞAÐ ALLIR.
1 Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert
2 Góð samskipti eru jafn mikilvæg á netinu og annars staðar
3 Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er
4 Mundu að þú skilur eftir þig stafræn spor á netinu
BÖRN & MIÐLANOTKUN
Ævintýri Emblu í Netbæ (5 til 6 ára)
Dót
Um Osmo https://tackk.com/i83th3
Öfgar?
Pinterest
Snilld í faglegu starfi /samstarfi
Hugmyndirnar okkar
Læsi
Verkefni í útikennslu
Skapandi öpp
iPad
Blogg um upplýsingat...
Öpp fyrir læsi
Stærðfræði öpp
Vísindi í leikskólastarfi
Listsmennt
Öpp fyrir útikennslu
Sérkennsla
PECS
Skapandi leikskólastarf
Fjóla Þorvaldsdóttir
www.pinterest.com/fjolath
Gerð og notkun myndbanda
Viðmið um myndatökur og myndbirtingar í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar
2015



**Umræður**

- Byrjið á því að velja ykkur bæði umræðustjóra og ritara
- Veljið síðan nokkur atriði af þessum lista til að ræða frekar
- Gætið þess að sjónarmið allra fái að koma fram
- Skrifið helstu niðurstöður ykkar á auðu blöðin (munið að númera atriðin)
- Merkið líka blöðin með nöfnunum ykkar og leikskólanna ykkar

- Einhverjir hópar verða beðnir að segja frá völdum niðurstöðum
- Blöðunum verður safnað saman í lok umræðunnar

1. **Er notkun starfsmanna á spjaldtölvum eins og þið viljið að hún sé í leikskólunum?**
   - Hvaða kostir og ókostir fylgja spjaldtölvunotkun starfsmanna?
   - Hvernig árangri getur notkunin skilað (t.d. í undirbúningi, skráningum og upplýsingamiðlun)?
   - Hvað vantar upp á til að notkunin verði eins og þið viljið sjá hana (t.d. búnaður, fræðsla, samstarf, tími)?
2. **Eiga spjaldtölvur erindi við börnin í leikskólanum?**
   - Hvaða kostir og ókostir fylgja því að börnin á leikskólanum noti spjaldtölvur í leikskólanum?
   - Er t.d. hætta á því að börn hætti að leika sér, eiga samskipti, hreyfa sig úti og inni?
   - Getur spjaldtölvan e.t.v. verið góð viðbót við þann efnivið sem er til staðar í leikskólanum?
   - Getur verið að börnin skilji betur ýmsa hluti af því þau fá að prófa þá á marga vegu?
   - Hvernig notkun væri æskileg? Þ.e. í hvaða verkefnum, hvenær og í hversu langan tíma?
   - Hvaða aldri hentar spjaldtölvan?
3. **Langar ykkur til að læra meira um spjaldtölvunoktun?**
   **Viljið þið t.d:**
   - Fá grunnfræðslu um notkun spjaldtölva?
   - Vinna með skráningar í t.d. Sway eða Book Creator?
   - Nota skýjalausnir (t.d. Dropbox, Google, Office365)?
   - Læra á myndavélina, kvikmyndagerð með iMovie, hreyfiöpp, PuppetPals, QR kóða?
   - Skoða, meta og nota námsöpp fyrir nemendur (t.d. fyrir útikennslu, vísindakennslu, málörvun og læsi, stærðfræði, skapandi vinnu, tónlist o.fl.)
   - Prófa búnað eins og OSMO og lítil vélmenni
   - Hvað annað?
4. **Viljið þið fá meiri almenna fræðslu um tölvunotkun?**
   **Viljið þið t.d:**
   - Læra betur á notkun tölvupósts?
   - Læra betur á notkun ritvinnsluforrita (s.s. Word)?
   - Læra meira um myndvinnslu?
   - Læra meira um netið?
   - Læra meira um leit á Internetinu?
   - Annað?



5. **Viljið þið vinna með samfélagsmiðla í leikskólastarfi?**
   **Viljið þið t.d:**
   - Vinna meira með Facebook hópa, friðhelgisstillingar og miðlun upplýsinga?
   - Vinna með Instagram?
   - Læra á Pinterest?
   - Búa til sameiginlegt borð í Pinterest (t.d. um skapandi leikskólastarf)?
   - Annað?
6. **Tækninotkun fullorðna fólksins**
   - Er þörf á því að starfsfólk ræði um eigin símanotkun (t.d. á kaffistofunni)?
   - Þarf að útbúa skriflegar reglur (t.d. bann) um myndatökur starfsmanna á eigin síma (t.d. tengt Snapchat, Instagram, Vine o.fl.)?
   - Annað?
7. **Foreldrasamstarf**
   - Viljum við eiga samtal við foreldra um tækninotkun barnanna í leikskólanum?
   - Þarf að leiðbeina foreldrum um notkun þeirra sjálfra á símum í leikskólanum?
   - Þarf að útbúa merkingar eins og „Hér lýkur símtalinu“ og hengja upp í anddyri?
   - Hvað gerum við þegar barn mætir með GSM snjallúr í leikskólann?
   - Er ástæða til að búa til vettvang fyrir foreldra og starfsmenn til að ræða um tækninotkun í leikskólanum og notkun tækni og skjátíma utan leikskólans?
8. **Hvaða markmið eiga leikskólarnir að setja sér varðandi tækninotkun í vetur?**
   - Vinna með upplýsingatækni í starfsáætlun?
   - Vinna með upplýsingatækni í námskrá?
   - Vinna með upplýsingatækni í læsisáætlun?
   - Vinna með ímynd leikskólans og upplýsingamiðlun (t.d. í samfélagsmiðlum)
   - Útbúa kynningarmyndbönd?
   - Útbúa rafrænar skráningar?
   - Vinna spjaldtölvuverkefni með virkri þátttöku barnanna?
   - Hvað annað?
9. **Annað sem við viljum ræða**



# Mikilvæg umræða

1. **Er notkun starfsmanna á spjaldtölvum eins og þið viljið að hún sé?**
2. Eiga spjaldtölvur erindi við börnin í leikskólanum?
3. **Langar ykkur til að læra meira um spjaldtölvunoktun?**
4. Viljið þið fá meiri almenna fræðslu um tölvunotkun?
5. **Viljið þið vinna með samfélagsmiðla í leikskólastarfi?**
6. Tækninotkun fullorðna fólksins
7. **Foreldrasamstarf**
8. Hvaða markmið eiga leikskólarnir að setja sér varðandi tækninotkun í vetur?
9. **Annað sem við viljum ræða**

## LEIÐARLJÓS

Látum leikskólann endurspegla það samfélag sem við búum í og þann búnað sem þar er í notkun. Leyfum börnunum að kynnast þeim verkfærum sem notuð eru til náms og notum leikinn sem námsaðferð. Leyfum þeim að njóta félagsskapar hvert af öðru og eiga samtal við félaga sína. Verum þeim innan handar um stuðning og hvatningu en gefum þeim svigrúm til þess að „gera sjálf“

Anna Magnea Hreinsdóttir, Netla júní 2004

# Takk fyrir!